

Ed.

377. Frumvarp til laga

[190. mál]

um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 14. marz.)

Samhljóða þskj. 351 með þessari breytingu:

Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:

Heimilt er að endurgreiða útflutningsgjald samkvæmt lögum þessum af frystum karfaflökum, sem framleidd voru á tímabilinu 1. júní til 30. september 1972, svo og af frystri síld framleiddri á árinu 1972. Einnig er heimilt að endurgreiða útflutningsgjald af saltsíld framleiddri á árinu 1972 og 1973 og af þurrkuðum saltfiski framleiddum á árinu 1973.

Þá skal sjávarútvegsráðherra heimilt að ráðstafa útflutningsgjaldi af saltaðri síld og flökum úr saltaðri síld, sem flutt er út á árinu 1972, til sildarútvegsnefndar, m. a. vegna kostnaðar við öflun markaða fyrir saltaða síld af fjarlægum miðum.